



Umsögn vegna matsáætlunar fyrir Reykjanesbraut / Bústaðavegur

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 30.mars var lagt fram erindi Skipulagsstofnunar dags. 23. mars 2023 þar sem óskað er eftir umsögn Reykjavíkurborgar um matsáætlun Eflu, vegna breytinga á gatnamótum Reykjanesbrautar og Bústaðavegar, með tilliti til Borgarlínu.

Reykjavíkurborg og Vegagerðin sendu Skipulagsstofnun meðfylgjandi matsáætlun um ofangreinda framkvæmd, móttækin dags. 22. mars 2023, skv. 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Í samræmi við 21. gr. laga nr. 111/2021 er hér með óskað eftir að móttakendur þessa pósts gefi umsögn um meðfylgjandi matsáætlun.



svæðið sem er undir í matsáætluninni

Markmið framkvæmdarinnar er að bæta samgöngur á gatnamótum Reykjanesbrautar og Bústaðavegar og að útfæra leið Borgarlínu á leggunum milli Vogabyggðar og Stekkjarbakka. Í þessu felst að efla samgöngur allra ferðamáta, minnka umferðartafir á háannatíma og auka umferðaröryggi.

frá matsáætlunni:

Reykjanesbraut (þjóðvegur 41) liggur frá mismögum gatnamótum Miklubrautar, Sæbrautar og Vesturlandsvegar að Keflavíkurflugvelli og er einn fjölfarnasti vegur landsins. Sá hluti Reykjanesbrautar sem framkvæmdin nær til, liggur frá Súðarvogi að mismögum gatnamótum við Stekkjarbakka. Gatnamót Bústaðavegar og Reykjanesbrautar eru innan þess vegkafla, en í dag eru þau í plani og ljósastýrð. Mynd 2.1 sýnir fyrirhugað framkvæmdasvæði og næsta nágrenni þess. Reykjanesbraut/Sæbraut er í grunninn 2+2 akreina vegur með 7 m breiðan miðdeili á kaflanum frá Súðarvogi að Bústaðavegi. Leyfilegur hámarkshraði er 60 km/klst. Undir brúm á Vesturlandsvegi/Miklubraut bætast við fléttureinar gatnamótanna. Sunnan gatnamóta Miklubrautar verða að- og fráreinar að sjálfstæðum akreinum þannig að í reynd eru 3+3 akreinar frá gatnamótum Miklubrautar að Bústaðavegi.

Reykjavíkurborg vill áréttta, að gert er ráð fyrir að íbúum höfuðborgarsvæðisins fjölgi um 70.000 til ársins 2040 m.v. mannfjölda árið 2019 skv. miðspá úr AR2040 sem tekur mið af landsspá Hagstofu Íslands, þar af er gert ráð fyrir að íbúum Reykjavíkur fjölgi um 32.500.

Íbúafjöldi Reykjavíkurborgar var 127.411 árið 2019 og 100.820 í nágrennasveitarfélögum. Sama ár voru 73% ferða íbúa Reykjavíkur sem bílstjóri eða farþegi í einkabíl en 74% ferða alls



Reykjavík

höfuðborgarsvæðisins, svo 75,3% ferða nágrannasveitarfélaga hafa verið sem bílstjóri eða farþegi í einkabíl. Markmið í Aðalskipulagi Reykjavíkurborgar 2040 er að 50% ferða innan Reykjavíkur verði í einkabíl en markmið svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins er að 58% ferða að hámarki verði farnar í einkabíl. Ef meðalfjöldi ferða á einstakling breytist ekki (3,9 ferðir/einstakling í Rvk og 3,8 ferðir/einstakling á hbsv) má heildarfjöldi bílferða einungis hækka um rétt rúm 2% til ársins 2040 til að uppfylla markmið um breyttar ferðavenjur.

| | 2019 | 2040 |
|----------------------|---------|---------|
| Íbúafjöldi | | |
| Reykjavíkurborg | 127.411 | 159.911 |
| Nágrannasveitarfélög | 100.820 | 138.320 |
| Hlutfall ferða í bíl | | |
| Reykjavíkurborg | 73% | 50% |
| Höfuðborgarsvæðið | 74% | 58% |
| Nágrannasveitarfélög | 75,26% | 67,25% |
| Fjöldi ferða í bíl | | |
| Reykjavíkurborg | 362.739 | 311.826 |
| Nágrannasveitarfélög | 288.347 | 353.470 |
| Heildarfjöldi ferða | 651.087 | 665.297 |

f.h. skipulagsfulltrúa og samgöngudeildar Reykjavíkurborgar

Borghildur Sölvey Sturludóttir deildarstjóri deiliskipulagsáætlana

Bjarni Rúnar Ingvarsson deildarstjóri samgangna